

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Hönnu Katrínu Friðriksson um útvistun aðgerða vegna of langs biðtíma.

1. Hversu mörgum liðskiptaaðgerðum, annars vegar á mjöðm og hins vegar á hné, var útvistað til aðgerða erlendis vegna of langs biðtíma hér á landi á árunum 2017–2021? Hversu mörgum efnaskiptaaðgerðum (offituaðgerðum) var útvistað til aðgerða erlendis af sömu ástæðu á árunum 2017–2021?

Tafla yfir samþykktar umsóknir hjá Sjúkratryggingum Íslands árin 2017–2021:

Tegund aðgerðar	Liðskipti hné	Liðskipti mjöðm	Efnaskiptaaðgerðir
2017	19	24	0
2018	52	43	5
2019	27	18	102
2020	9	10	69
2021	8	4	130

2. Hver var kostnaður ríkisins vegna greiðsluþátttöku í útvistuðum aðgerðum, sundurliðað eftir framangreindum þremur aðgerðaflökkum? Bar ríkið annan kostnað af þessum aðgerðum en beina greiðsluþátttöku?

Tafla yfir greiddan meðferðarkostnað, ferðakostnað og upphald:

Tegund aðgerðar	Fjöldi aðgerða	Meðferðarkostnaður	Ferðakostnaður og upphald
2017			
Liðskipti hné	6	7.879.935 kr.	1.540.507 kr.
Liðskipti mjöðm	10	15.355.366 kr.	2.254.841 kr.
2018			
Liðskipti hné	19	25.782.160 kr.	8.292.225 kr.
Liðskipti mjöðm	6	7.948.990 kr.	2.838.927 kr.
Efnaskiptaaðgerðir	4	3.019.890 kr.	746.180 kr.
2019			
Liðskipti hné	24	33.862.088 kr.	6.047.944 kr.
Liðskipti mjöðm	12	14.523.198 kr.	5.192.289 kr.
Efnaskiptaaðgerðir	70	69.134.660 kr.	9.985.150 kr.

<i>Tegund aðgerðar</i>	<i>Fjöldi aðgerða</i>	<i>Meðferðarkostnaður</i>	<i>Ferðakostnaður og upphald</i>
2020			
Liðskipti hné	10	13.401.180 kr.	4.557.350 kr.
Liðskipti mjöðm	8	11.445.050 kr.	3.645.880 kr.
Efnaskiptaaðgerðir	36	37.263.935 kr.	5.915.052 kr.
2021			
Liðskipti hné	0	- kr.	- kr.
Liðskipti mjöðm	3	6.703.982 kr.	1.960.410 kr.
Efnaskiptaaðgerðir	53	59.658.973 kr.	10.079.699 kr.

3. *Var aðgerðum úr öðrum aðgerðaflokkum útvistað til aðgerða erlendis á árunum 2017–2021 vegna of langs biðtíma? Ef svo er, hvaða aðgerðir voru það? Hver var kostnaðurinn af þeim?*

Greiddur var kostnaður vegna eftirfarandi umsókna á árunum 2017–2021 í öðrum aðgerðarflokkum:

<i>Tegund aðgerðar</i>	<i>Fjöldi aðgerða</i>	<i>Meðferðarkostnaður</i>	<i>Ferðakostnaður og upphald</i>
2017			
Enginn annar aðgerðarflokkur greiddur			
2018			
Bakspening	1	1.853.952 kr.	422.058 kr.
Brennsluaðgerð hjarta	1	1.247.182 kr.	486.505 kr.
2019			
Brennsluaðgerð hjarta	2	2.228.211 kr.	1.038.094 kr.
2020			
Brennsluaðgerð hjarta	3	6.703.982 kr.	1.288.329 kr.
2021			
Enginn annar aðgerðarflokkur greiddur			

4. *Hversu margir erlendir þjónustuveitendur í hverjum framangreindra þriggja aðgerðaflokka veittu hina útvistuðu þjónustu á árunum 2017–2021? Hverjir eru þessir þjónustuveitendur, greint eftir þjóðerni og vinnustöðum í einu landi eða fleirum, eftir atvikum?*

Langflestar aðgerðir vegna biðtíma fara fram á Norðurlöndunum, mest í Svíþjóð. Ef Sjúkratryggingar Íslands eiga að taka saman sérstaklega upplýsingar um hvern og einn þjónustuveitenda þarfnast það lengri svarfrests.

5. *Er rétt að einstaklingum sem leituðu eftir útvistuðum aðgerðum hér á landi á árunum 2017–2021 vegna of langs biðtíma hafi verið neitað um greiðslupátttöku á grunni þess að viðkomandi þjónustuaðilar höfðu ekki þjónustusamninga við Sjúkratryggingar Íslands eða vegna stöðu slíkra samninga? Ef svo er ekki, af hverju var beiðnum hafnað?*

Sjúkratryggingar Íslands hafa ekki heimild til greiðsluþátttöku hjá þjónustuveitendum innan lands á grundvelli reglugerðar nr. 442/2012 vegna langs biðtíma. Þá taka Sjúkratryggingar Íslands til nauðsynlegra rannsókna og meðferðar hjá sérgreinalæknum sem samið hefur verið um, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

6. *Hvernig fór fram athugun á því hvort erlendir þjónustuaðilar sem aðgerðum var útvistað til hefðu þjónustusamning við opinbera aðila í viðkomandi landi og uppfylltu skilyrði sem gerð eru til innlendra þjónustuaðila?*

Sjúkratryggingar Íslands leita til systurstofnana í meðferðarlandi til að fá staðfest að þjónustuveitendur séu sannanlega með samninga við hið opinbera í viðkomandi landi varðandi meðferðirnar. Ekki er krafist að þeir uppfylli skilyrði hér á landi heldur skilyrði þeirra landa sem þjónustan er veitt í.

7. *Hverjar eru greiðslur Sjúkratrygginga Íslands til þjónustuveitenda vegna útvistaðra aðgerða samanborið við verðskrá gildandi samninga sömu þjónustuveitenda við opinbera aðila í þeim löndum sem viðkomandi þjónustuveitandi starfar?*

Sjúkratryggingar Íslands eru ekki með upplýsingar um verðskrá milli opinberra aðila í öðrum löndum og þjónustuveitenda.